

Starfsreglur um vígslubiskupa.

1. gr.

Biskupsdæmi Íslands skiptist í tvö vígslubiskupsumdæmi, Skálholtsumdæmi og Hólaumdæmi, sbr. starfsreglur um skipulag kirkjunnar í héraði.

2. gr.

Vígslubiskupar gegna áfram prestsþjónustu á þeim kjörum sem um hana gilda. Nú lætur vígslubiskup af prestsembætti eða hlýtur prestsstarf utan umdæmis síns. Skal þá kjósa nýjan vígslubiskup. Vígslubiskupar skulu sitja í Skálholti og Hólum. Setja skal nýjum vígslubiskupum erindisbréf.

3. gr.

Um kjör vígslubiskupa fer samkvæmt starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Sá vígslubiskup sá sem eldri er að biskupsvígslu vígir biskup Íslands er svo stendur á að fráfaraandi biskup getur eigi gert það.

5. gr.

Vígslubiskup sá sem eldri er að biskupsvígslu gegnir störfum biskups Íslands í forföllum hans, að því marki sem nauðsyn krefur.

6. gr.

Vígslubiskupar vígja presta, djákna, kirkjur og kapellur og framkvæma önnur biskupsverk hvor í sínu umdæmi í forföllum biskups Íslands eða þegar biskup felur þeim það hlutverk.

7. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu. Við gildistöku starfsreglnanna falla úr gildi starfsreglur um vígslubiskupa nr. 33/2022 - 2023.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Núverandi vígslubiskupar skulu áfram gegna skyldum vígslubiskupa samkvæmt gildandi starfsreglum um vígslubiskupa nr. 33/2022-2023, til 70 ára aldurs. Áður en skipunartími hvors um sig rennur út skal bjóða þeim án auglýsingar starf sóknarprests innan umdæmis síns. Eftir það gegna þeir skyldum sínum á grundvelli þessara reglna.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Þjónandi prestar og djáknar í hvoru vígslubiskupsumdæmi fyrir sig kjósa vígslubiskup úr röðum presta sem þjóna í umdæminu. Ákvæði þetta fellur brott þegar gildi taka starfsreglur um breytingar á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 9/2021-2022, með síðari breytingum, sem fela í sér breytingar á ákvæðum um kosningarrétt og kjörgengi til embætta vígslubiskupa. Það fellur þó brott eigi síðar en 1. apríl 2025.

Samþykkt á kirkjuþingi 15. mars 2025 og birt á opnum vef kirkjunnar sama dag.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.